

Enska 9. bekkur 2018-2019

Kennari: Kristín Heiða Þórisdóttir

Hæfniviðmið:

Hæfniviðmiðum fyrir ensku er skipt upp í þrjú stig sjá bls. 125-131 í netútgáfu 2013 (pdf skjal). Við lok skólaársins er gert ráð fyrir að allir nemendur 9.bekkar hafi náð þeim hæfniviðmiðum sem lýst er fyrir 2. stig og ekki var stefnt að í 8.bekk og rúmlega það, séu mitt á milli 2. og 3 stigs. Þó verður að líta til þess að hæfni nemenda í færniþáttunum og námshraði er mismikill.

http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf

Kennsluhættir:

Við skipulag kennslunnar er litið til þess að hún sé sem fjölbreytilegust, s.s. að fram fari einstaklingsnám, samvinnunám, paravinna, hópvinna, útikennsla og stöðvavinna. Nemendur þurfa að fá tækifæri til þess að spreyta sig á ögrandi viðvangsefnum auk þess að fá svigrúm fyrir leik og sköpun sem eru mikilvægir þættir í tungumálanámi.

Hlustun/tal: Nemendur eru þjálfðir í hlustun með því að hlusta á mismunandi textagerðir og algengustu afbrigði málsins eftir málsvæðum. Leitast er við að nemendur nái sem eðlilegustum framburði, áherslum og hrynjandi í tali. Til að æfa tal eru notaðir margs konar samskiptaleikir, leikræn tjáning og skapandi málnotkun.

Lestur: Lestur eykur orðaforða og tilfinningu fyrir málinu og því skiptir miklu máli að nemendur lesi sem mest. Þeir lesa margs konar gerðir af textum með það í huga að þeir nái sem bestum lesskilningi. Reynt er að leggja áherslu á lesefni sem höfðar til aldurs, þroska og áhugasviðs, en einnig eru gerðar kröfur til þess að nemendur lesi efni sem tengist málefnum líðandi stundar, menningar- og lifnaðarháttum í öðrum löndum og víkka þannig sjóndeildarhring sinn.

Ritun: Ritun er sá þáttur sem reynist flestum nemendum hvað erfiðastur í tungumálanámi. Í 9.bekk er haldið áfram þar sem frá var horfið í 8.bekk og haldið áfram að byggja upp grunn að því sem stefnt er að við lok 3. stigs. Sem áður eru gerðar kröfur um gott málfar, málfræði og stafsetningu, orðaforða, inntak og uppsetningu efnisins.

Tungumál og menning: Tungumál og menning eru samofin þar sem tungumálið endurspeglar menninguna og menningin varpar ljósi á tungumálið. Mikilvægt er að nemendur fái innsýn í kjör, lifnaðarhætti, menningararf, viðhorf og gildi annarra þjóða.

Þannig víkka þeir sjóndeildarhring sinn og fá tækifæri til að öðlast nýja sýn á sjálfa sig og eigin aðstæður. Þetta gerum við með lestri bókmennta og annars konar texta viðkomandi menningarsamfélags, söngvum þess, þjóðsögum eða kvikmyndum og öðru myndefni sem færir umheiminn nær.

Námsgögn:

Spotlight 9 nemendabók og vinnubók, léttlestrarbækur, tímarit, smásögur, ljósritað efni, kvikmyndir, heimildarmyndir, tónlist og annað myndefni.

Námsmat:

Tungumálanám er þess eðlis að símat á vel við og þjónar leiðsagnarmat vel þeim tilgangi að fylgjast jafnt og þétt með stöðu og framförum nemenda. Er það gert með t.d. sjálfsmati, jafningjamati, endurgjöf, matsblöðum, gátlistum, samtölum og kynningum. Við annarskil er hæfni, þekking og leikni nemenda metin á grundvelli þess fjölbreytta mats sem fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið og annarprófum sem endurspegla hæfniviðmiðin, viðfangsefni annarinnar og þá færniþætti sem nemendur eiga að hafa á valdi sínu.